

Miðvikudaginn 2. maí 1934.

Nr. 35/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Einari Þ. Helgasyni** (Eggert Claessen).

Bifreiðalagabrot.

*Dómur lögregluréttar Ytri-Akraneshrepps 9. jan. 1934:*  
Kærði, Einar Þ. Helgason, greiði 100 króna sekt, er renni í rikissjóð, innan 30 daga frá lögbirting dóms þessa, en sæti ella einföldu fangelsi í 5 daga. Svo greiði kærði einnig Sigurði Oddssyni, Kjalardal, í Skilmannahreppi, 617 krónur í skaðabætur nú þegar.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað af máli þessu. Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur hæstaréttar.**

Verjandi hefir útvegað uppdrátt af veginum að og frá brúnni, þar sem slysið varð, og lagt fram í málinu fyrir hæstarétti. Uppdrátturinn sýnir það, að brekkurnar á veginum að gilinu eru tvær, og sú brekkan er lengri, sem fjær er gilinu, en fyrir neðan hana tekur við kafli jafnsléttur eða því sem næst. Ef kærði hefir ekið í öðrum giri niður brekku þessa alla eða að einhverju leyti, þá hefði honum átt að vera þess kostur, að stöðva bifreiðina á þessum vegarkafli, því að útilokað virðist, að hemlarnir hefðu ekki dugað til þess, ef þeir hafa verið í lagi, er kærði fór af stað, enda þótt vegurinn væri sleipur, þar sem vegalengdin frá Akranesi og til þess staðar er aðeins 12 kílómetrar. Það verður því að telja, að kærði hefði með nægilegri aðgæzlu getað afstýrt slysinu. Fyrir skort á slíkri aðgæzlu verður að dæma kærða til refsingar, og þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 14. gr. laga nr. 71/1931,

50 króna sekt, er renni í ríkissjóð og afplánist með 5 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því að ætla má, að Sigurður Oddsson hafi hagnýtt sér fallið af kúnni, sem fyrir slysinu varð og skotin var, þykir mega færa skaðabótaupphæðina, sem að öðru leyti þykir réttilega ákveðin, niður um 50 krónur, svo að skaðabæturnar verða alls kr. 567,00.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði fyrir hæstarétti og í héraði, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Um rannsókn málsins er það aðfinnsluvert, að bifreiðin var ekki athuguð þegar er færi gafst til þess eftir slysið, að vegarbreiddin var ekki mæld, að því er séð verður, og að ekki fylgdi málsskjölunum uppdráttur af þeim kafla vegarins, sem hér skiptir máli.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Þ. Helgason, greiði 50 króna sekt, er renni í ríkissjóð og afplánist með 5 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærður 567,00 krónur í skaðabætur til Sigurðar Oddssonar, bónda í Kjalardal. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna

Sveinbjarnar Jónssonar og Eggerts Claessen,  
60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lög-  
um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Einari Þ. Helgasyni, trésmiðameistara og bifreiðarstjóra, til heimilis á Baugsstig á Akranesi, fyrir brot á ákvæðum laga nr. 70 frá 8. sept. 1931, um notkun bifreiða.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 14. sept. s. l. fór kærði, Einar Þ. Helgason, ásamt Axel Sveinbjörnssyni, skipstjóra, á einkabifreið kærða, fólksflutningsbifreiðinni M. B. 78, frá Akranesi upp að Laxá í Leirársveit. Í brekku fyrir ofan Litlu-Fellsöxl í Skilmannahreppi urðu á vegi hans tveir menn, þeir Sigurður Oddsson bóndi í Kjalardal í Skilmannahreppi og Aðalsteinn Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, og teymdu þeir kú á milli sín. Brekkan fyrir ofan Litlu-Fellsöxl er alllång og brött með köflum niður að brú yfir allhátt gil skammt fyrir austan Litlu-Fellsöxl. Vegurinn er þarna allhár. Þegar bifreið kærða ók niður af brekkubrúninni og kærði kom auga á mennina með kúna, reyndi hann að gefa hljóðmerki jafnframt því, sem kærði reyndi af alefli að stöðva bifreiðina, en þá kom í ljós að hemlurnar dugðu ekki og flautan var í ólagi. Rann bifreiðin síðan aftan á kúna og mennina og fótbrotnaði kýrin, svo að skjóta varð hana strax, en Sigurður Oddsson meiddist á öðrum fæti, en báðir hrötuðu mennirnir út af veginum.

Kærði bauð Sigurði að fara með hann til læknis, en þá bar þar að vörubifreið, sem var á leið til Akranes og fór Sigurður með henni þangað. Um þetta er enginn ágreiningur og hefir kærði játað þetta rétt vera. Það er enn fremur sannað í málinu, að vegurinn, sem bifreið kærða fór um þennan dag, sem slysið varð, hafi verið afar blautur vegna undanfarinna votviðra. Hefir kærði haldið því fram, að hemlurnar á bifreið hans og flautan, hafi af þessum orsökum bilað á leiðinni frá Akranesi upp að Litlu-Fellsöxl, en hvorttvgja hafi verið í góðu lagi þegar bifreið-

in fór frá Akranesi þennan sama dag. Þessi staðhæfing kærða stytzt einnig við framburð þriggja vitna í málinu, sem heyrðu kærða gefa hljóðmerki með flautu bifreiðarinnar, tvö þeirra mjög skömmu áður en kærði lagði af stað í ferð þá, sem áður er getið, og eitt vitnið vék úr vegi fyrir bifreiðinni og heyrði hljóðmerki hennar nokkru fyrir innan Akranes. eða eftir að kærður var lagður af stað þaðan. Ennfremur hafa tvö af þessum vitnum borið það, að bifreið kærða hafi verið með hemlur í lagi, er hann fór frá Akranesi nefndan dag og byggja þau þetta á því, að bifreiðin hafi stöðvast snögglega, annað skipti í nokkrum halla, er kærður var að aka henni á Akranesi rétt áður en kærður fór af stað nefndan dag. Samhljóða þessu er einnig vitnaframburður Axels Sveinbjörnssonar skipstjóra. sem var með kærða í bifreiðinni, er slysið varð, og hefir hann einnig rétt til að stýra bifreið. Hann hefir og staðfest þann framburð kærða, að kærði hafi gert allt, sem í hans valdi stóð til þess að stöðva bifreiðina í brekkunni áður en slysið varð, og að kærði hafi reynt að kalla til mannanna, en þeir hafi alls ekki heyrt neitt til hans né heldur tókst kærðum að stöðva bifreiðina. Gegn mótmælum kærða verður það ekki talið sannað eða líkur að því leiddar í málinu, að kærði hafi séð mennina með kúna, fyr en hann var kominn á brekkubrúnina ofan við Litlu-Fellsöxl, en þeir Sig. Oddsson og Aðalsteinn Jóhannsson hafa skýrt svo frá, að þeir hafi séð bifreið kærða, er hann var alllangt í burtu, áður en slysið varð, en vöruðu sig þó ekki á því hvað bifreiðin fór hratt yfir. en vegurinn svo mjór þar sem slysið varð, að bifreiðin gat ekki ekið fram hjá mönnum og ekki var heldur unnt fyrir kærða að fara út af veginum, því bratt gil var beggja megin við veginn. Eftir mælingu lögregluþjóns Axels Andrésónar, eru 96 metrar frá brekkubrúninni, þar sem kærði gat séð mennina með kúna og að staðnum þar sem slysið varð. Kærði kveðst hafa skipt bifreiðinni, er hann fór ofan af brekkubrúninni úr 3. „giri“ og í 2. „gír“, er hann sá mennina, en kveðst hafa treyst svo á flautuna og hemlurnar, að hann hafi ekki álitnið þörf á að skipta bifreiðinni í 1. „gír“. Það má telja fullvist, að ekkert slys hefði orðið, ef kærði hefði í upphafi, er hann sá mennina niður við brúna, skipt bifreiðinni í 1. „gír“, en ekki treyst á hemlur eða flautuna, því

hann mátti búast við því, að bleyta vegarins hefði gert þær ótryggar, og svo er það hverjum góðum bifreiðarstjóra ljóst, að hemlur halda að jafnaði illa á blautum vegi. Fjarlægðin frá brekkubrún að slystaðnum er það löng, að auðvelt hefði verið, að afstýra slysinu, ef hemlur hefðu verið sæmilegar, annaðhvort handhenta eða fóthemla, en þær reyndust báðar algerlega gagnslausar þegar á þurfti að halda. Er tæpast hugsanlegt, að þær hafi báðar verið í góðu lagi, er kærði lagði af stað frá Akranesi þá um daginn, enda þótt það sé ekki neitt upplýst í málinu um það. Hraðinn virðist ekki hafa verið mikill og ekki meiri en ca. 25 km. á klst. eftir að kærði sá mennina.

Af framanrituðu er það ljóst, að kærði hefir ekki viðhaft þá gætni og varúð, sem gætnum og samvizkusömum bifreiðarstjóra ber að hafa, þegar hætta er á árekstri eða ákeyrslu, og að hann í þessu tilfelli hefir með áðurgreindu framferði sínu brotið gegn 15. gr. 1. m.gr. laga nr. 70, frá 8. sept. 1931, sbr. 6. gr. 6. m.gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til ríkissjóðs. Svo greiði kærði og allan kostnað af máli þessu, sem orðinn er og verður. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 5 daga einfalt fangelsi.

Þá hefir Sigurður Oddsson krafizt þess, að kærði verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur, sem hér segir:

A. fyrir missi kýrinnar .....	kr. 300,00
B. læknishjálp og fleira þar að lútandi .....	— 30,00
C. Atvinnutap kr. 10,00 á dag frá $1\frac{1}{9}$ til $3\frac{1}{10}$ '33 .....	— 480,00
eða samtals	kr. 810,00

Kærði hefir mótmælt þessum kröfum sem of háum. Hæfilegt verð fyrir kúna telur kærði kr. 250,00 — en Sigurður Oddsson hefir haldið því fram í málinu ómótmælt af kærða, að s. l. haust, þ. e. 1933 hafi kýr verið seldar á Akranesi fyrir kr. 300,00 hver, að minnsta kosti þrjár kýr, sem hann tiltók, og er því ekki hægt að telja 300 krónur ósanngjarnt verð fyrir kýrmissirinn.

Af reikningunum yfir læknishjálp Sigurðar Oddssonar. kr. 30,00 alls, hefir kærði mótmælt, að honum beri að greiða nema tvo þriðju hluta, en þau mótmæli kærða hafa

ekki við nein rök að styðjast, og verður því einnig að dæma kærða til þess að greiða áminnsta læknishjálp að fullu með kr. 30,00.

Þá hefir kærði sérstaklega mótmælt kröfu Sigurðar Oddssonar fyrir atvinnutap, að upphæð kr. 480, þann tíma er hann var frá vinnu vegna meiðsla, er hann hlaut af slysinu. Krefst kærði þess, að dregnrir verði frá allir sunnudagar á tímabilinu og að bæturnar verði færðar niður í kr. 5,00 á dag fyrir virka daga, miðað við dagpeninga, þá, sem Slysatrygging ríkisins greiðir mönnum, er verða fyrir slysum á landi.

Sunnudagar á tímabilinu  $1\frac{1}{2}$  til  $3\frac{1}{4}$  33 eru alls 7 og ber að draga þá frá upphæðinni. Með tilliti til þess, að í algengri sveitavinnu og vegavinnu mun nú óviða greitt herra kaup en 70 aurar á klst. álizt því hæfilegt, að kærði greiði Sigurði Oddssyni kr. 7,00 á dag fyrir atvinnutap þá virka daga, sem hann var óvinnufær af völdum slyss þessa eða í allt 41 dag, 287 krónur. Verður þá upphæð sú, sem kærða, sem eiganda bifreiðarinnar M. B. 78, ber að greiða Sigurði Oddssyni fyrir kýrmissi, læknishjálp og atvinnutap, samkvæmt framanskráðu samtals 617 krónur. Aðalsteinn Jóhannsson hefir engra bóta krafizt í máli þessu.

Kærði, Einar Þ. Helgason, er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir aldrei áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Miðvikudaginn 2. maí 1934.

Nr. 153/1933. Þorbergur Guðmundsson, Jón Á.  
Gíslason og Halldór Þorsteinsson  
(Garðar Þorsteinsson)  
gegn

Útvegsbanka Íslands h/f (Enginn).

Vixilafsögn framkvæmd síðar en vixillögin ákveða.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 8. júlí 1933: Stefndir, Ísfélag Gerða h/f, Þorbergur Guðmundsson, Jón Á. Gísla-*